

Ed.

626. Breytingartillaga

[8. mál]

við frv. til l. um náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Frá Ólafi Björnssyni.

5. gr. liðir a—c orðist svo:

- a. Að koma upp sem fullkornustu vísindalegu safni íslenzkra og erlendra náttúrugripa, varðveita það og skipuleggja til afnota fyrir vísindamenn á þeim sviðum, sem safnið nær til.
- b. Að koma upp sýningarsafni, er sé opið fyrir skóla og almenning. Skal safn þetta miðað við það að vera liður í náttúrufræðikennslu skólanna og auk þess stefna að því að glæða áhuga og skilning almennings á náttúrunni.
- c. Að vinna að rannsóknum og skipulagningu almennra rannsókna á náttúru Íslands, einkum að því er snertir meiri háttar verk, þar sem samvinna við aðrar stofnanir og einstaklinga er æskileg eða nauðsynleg, svo sem kerfisbundin úrvinnsla úr efnivið safnsins, efling safnsins að vísindalegum efnivið, náttúrufræðileg kortagerð og skyld verkefni.